


Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Fornleifaskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis
við Hvamm í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði**

Fornleifaskráning 2017

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Febrúar 2017



Mynd 1. Hvammur í Lóni, uppdráttur af Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-20130. Kort sótt á slóð <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal>

Inngangur

Jörðin Hvammur í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði (landnr. 159378) er ein af þremur upprunajörðum í Suður-Lóni, vestan Jökulsár.¹ Í upphafi var landrými Hvamms stórt og landmikið, náði frá Laxá vestur í Þorgeirsstaðaklif. Innan Hvammslands risu tvær hjáleigur, Volasel (hjáleiga frá 1680) og Þorgeirsstaðir (elsta heimild frá 1641).² Bæjarstæði Hvamms hefur ætíð staðið á háum melöldum undir Hvammsheiði vestan Laxárdals. Heimalandið eru Öldurnar; fornir sjávarkambar, efri hluti Lambeyjar og hluti Gjáðals en afréttur í vestanverðum Laxárdal (sjá mynd 1). Í upphafi 18. aldar er dýrleiki jarðarinnar ásamt hjáleigum metinn á 15 hndr og landskuld 1 hundrað og 30 álnir, kúgildi 1,5 og engar kvaðir.³ Í jarðatali Johnsens frá 1847 er jarðardýrleiki Hvamms 8 hndr og landskuld 80 álnir. Hvammur er talinn ávallt verið í einkaeign og búsetusagan „...reikul og oftast stutt hverju sinni.“⁴ Samkvæmt Manntali 1703 eru tveir ábúendur en oftast einbýlt eftir það. Heimildir eru um að bænhús og grafreitir hafi verið í Hvammi á fyrstu árum búsetu sem gæti bent til þess að jörðin sé landnámsjörð en minjar um slíkt hafa ekki fundist.⁵

¹ Stefán Jónsson, 1971, bls. 76

² Stefán Jónsson, 1971, bls. 87

³ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 18

⁴ Stefán Jónsson, 1971, bls. 84

⁵ Örn-skrá, TP 2.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Hvammslandi var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera áð fyrir.⁶ Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt lögum um Menningarminjar. Farið var á vettvang 2. febrúar 2017, svæðið kannað og ljósmyndað.

Framkvæmdasvæðið

Samkvæmt deiliskipulagstillögu er framkvæmdasvæðið um 5 ha að stærð og gert er ráð fyrir tveimur byggingareitum innan þess (sjá mynd 2). Svæðið liggur austan við þjóðveg nr. 1, á lítt grónu flatlendi norðan Gjádalsaura sem nýtt hefur verið til beitar.⁷

Engar heimildir eru fyrir minjum innan framkvæmdasvæðis en skráðar eru minjar í nágrenni þess, sjá töflu 1 hér neðar og afstöðu þeirra til byggingareita á mynd 3 ásamt ljósmyndum í viðauka.




Mynd 2. Skýringauppdráttur af framkvæmdasvæðinu samkvæmt deiliskipulagstillögu.

Heimild:hornafjordur.is/media/skipulagsmal

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

⁷ Sveitarfélagið Hornafjörður, 2016, deiliskipulagstillaga



Mynd 3. Skráðar minjar í afstöðu við skipulagssvæðið. Svartur rammi afmarkar útlínur deiliskipulags en gular línur sýna byggingareiti samkvæmt skýringaupprætti af mynd 2.

Tafla 1. Minjar í nágrenni framkvæmdasvæðis. Lýsing á skráðum minjum er í texta.

Minjar	Heiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta	Lýsing
P1	Kúahamar	tóft/heimild	óþekkt	~1900	Hætta	Sjá texta og mynd 4 í viðauka
P2	Kvíaklettur	hleðsla	fjárvíar og lambastekkur	~1900	Hætta	Sjá texta og mynd 5 & 6 í viðauka

Í Örnefnaskrá segir að austast í Öldum eru Kúahamar og Kvíaklettur (P1 og P2 á mynd 3). Í Örn.skr. segir ennfreður: „Kúahamar: Þverhníptur klettur, austur frá Kvíakletti. Uppi á klettinum, sést til lítils tóftarbrots, sem er verk kvíffjársmala frá 1913 og e.t.v. eldra.“ Um Kvíaklett segir: „... nærri sjálfgerðar fjárvíar. Nyrst í þeim var lítill lambastekkur, þar var síðast stíað lambfé 1913, ...“.⁸

⁸ Örn-skrá, TP 3

Niðurstaða

Fyrirhugað framkvæmdasvæði samkvæmt deiliskipulagi er utan við 15 m helgunarlínu friðaðra minja (P1 og P2) og því er ekki talin ástæða til að gera frekari greiningu á þeim.

Heimildir

Ísleifur Einarsson, 1918-1920. *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. Hefti, bls. 1-38.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924-1947.

Stefán Jónsson, 1971. Lón. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi* (bls. 15-105). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Sveitarfélagið Hornafjörður, 2016. *Stjórnsýsla, Skipulagsmál*. Skoðað 30. janúar 2017 á

<http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Adalskipulagslysing.pdf>

Torfi Þorsteinsson f. 1908. *Örnefnaskrá* - Hvammur. Örnefnastofnun Árna Magnússonar.

Viðauki:



Mynd 4. P1 - Kúahamar. Samkvæmt örnefnaskrá á tóftarbrot að vera á toppi hamarsins en ekki sést til þess lengur. Horft til vesturs Ljósm. SGB, febrúar 2017.



Mynd 5. P2 - Kvíaklettur. Horft er inn í náttúrulega kví með hlöðnum vegg sem afmarkar lambastekk frá kvínni. Horft til vesturs. Ljósm. SGB, febrúar 2017.



Mynd 6. P2- Kvíaklettur. Síðast var stíað lambfé í Kvíakletti 1913. Ljós. SGB, febrúar 2017.



Mynd 7. Horft til norðausturs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Horft af þjóðvegi 1 til Kúahamars og Hraunsnefeystri. Ljós. SGB, febrúar 2017.